

1. Vitið þið hvernig á að ná góðum árangri og hvernig góður árangur lítur út? Hvernig vitið þið það?

H-1 Standa sig vel í prófi, sigur. Að vera góð við aðra. Eiginlega próf / könnun. Með skemmtilegri bókum, námsefni.

H-2 Í prófum, með því að hlusta. Með góðum árangri lærir maður meira og maður veit af góðum árangri hvað maður hefur lært , hvað þarf að læra mikið og bera sig fram. Með því að hlusta og muna hvað kennarinn segir. Hlusta á kennarann og gera eins og kennarinn segir. Ef maður les hægt í 4. bekk og hefur náð góðum árangri í 5. bekk – æfing – hlusta á kennarann og gera eins og kennarinn segir og einbeita sér að náminu. Klára verkefni sín og skila þeim. Alltaf að reyna að bæta sig og gera sitt besta.

H-3 Vinna meira, betur. Við vitum til hvers er ætlast. Ef kennari útskýrir hvað á að gera. Við vitum vel sjálf hvað við kunnum. Gott þegar kennari segir manni hvað er gott.

H-4 Maður verður að trúa á sjálfan sig og reyna sitt besta. Þá líður manni vel. Að halda áfram þó að illa gangi og alls ekki að gefast upp. Halda áfram og klára verkefni þó að þau séu erfið til að byrja með. Smátt og smátt verður allt léttara. Hlusta vel á kennarann. Ekki að vera stressaður. Einbeita sér og ekki láta neitt trufla.

H-5 Reyna á sig læra vel og bera virðingu fyrir lærdómnum, gera sitt besta. Nota hugann og ekki gefast upp hlusta á kennarana – bera virðingu fyrir öðrum, gefa hljóð þegar aðrir tala. Hafa vinnufrið – hlusta og ekki grípa fram í.

H-6 með því að gera meira, með því að bæta sig, að læra miklu betur, að lesa rosa vel, að hlusta, að lesa heima, vinna verkefni eins og kennarinn segir, vinna heimavinnu, ekki tala, vera fljótur að byrja að vinna, æfa sig, að halda áfram að gera það sem maður er að gera, með því að læra meira, að standa sig vel, ekki gefast upp, að lesa meira, skrifa á blaðið og hafa það mikið.

2. Hvernig vitið þið hvort ykkur gengur vel í náminu eða hvort ykkur gengur ekki nógu vel?

H-1 Sést á prófum/ einkunnum. Ef kennari er að skamma mann, þá veit maður að maður er ekki að standa sig vel. Hrós frá kennara þýðir að maður er að standa sig. Upplýsingar af foreldrafundi. H-2 Vanda sig þegar maður byrjar og líka hlusta á kennarann sem veit hvernig á að gera. Ég veit það ef ég geri

eitthvað rangt. Ef ég geri eitthvað og kennarinn segir að það er rangt. Ef ég geri eitthvað og kennarinn segir að það sé rangt og ég þurfi að bæta mig þá er hægt að prófa dæmi aftur, t.d. í stærðfræði. Ef maður æfir sig ekki fyrir próf og þá nær maður ekki góðum árangri í prófinu. Ef maður allt í einu man ekkert gengur manni ekki nógu vel. Ef maður lærir fyrir vel fyrir próf gengur vel. Ef þú lærir vel – gengur vel. Alltaf þegar ég fæ einkunn sýni ég foreldrum og sé hvað ég fæ, það er ekki nóg að lesa 10 bls. á dag, amk. 20-30 Maður sér það í prófunum í tímum, t.d. hvað ég næ mörgum bls. Fara vel yfir dæmin og lesa hvað stendur, þá nær maður góðum árangri.

H-3 Við vitum það ef við skiljum. Einkunn og umsögn. Það sem kennarinn segir okkur.

H-4 Manni gengur betur þegar ekki er hávaði. Manni gengur vel þegar maður skilur verkefni og veit vel hvað maður á að gera. Maður bíður eftir einkunnunum og sér þá hvernig manni gekk. Manni líður vel þegar námið gengur vel.

H-5 Vel: Fær góða einkunn. Að maður hafi reynt sitt besta. Kennarinn segir manni. Þegar maður getur reiknað dæmi sem maður gat ekki áður. Vinn vel fyrir próf, gera allt sem maður getur – skilur það sem maður er að gera – læra af mistökunum – æfingin skapar meistarann.

Ekki nógu vel: Þegar maður skilur ekki, líður ekki vel, er þreyttur, getur ekki dæmin, getur ekki einbeitt sér, flækir sig í eitthvað annað – hugsar um annað en maður á vað vera að hugsa um. Truflar aðra, er ekki að læra neitt.

H-6 kennarinn segir okkur ef maður er ekki að gera það sem maður á að gera, ef maður skilur ekki þá spyr maður kennarann, ekki að tala mikið og vera með kjánalæti, maður getur vitað það hvernig manni gengur á prófum, heimavinna, spyrja kennarann eða einhvern, með því að fá einkunn, vinir og kennarinn segja, maður verður að finna það sjálfur, ef maður leggur sig fram þá gengur manni betur í náminu, hlusta og hugsa þá veit maður.

3. Hvernig finnst ykkur best að kennarar hjálpi ykkur til að ná betri árangri?

H-1 Ekki skamma, útskýra málið. Ekki vera pirraður og verður að vera þolinmóður, sýna hvernig á að gera. Koma til manns.

H-2 Ekki segja dæmin heldur útskýra þau. Sýna á töflunni, þá geta allir séð. Ef þú spyrð kennarann og hann hjálpar þér. Með því að gera námið aðeins skemmtilegra, það sem börnin vilja heyra eða taka eftir. Að kennarinn komi til mín og hjálpi mér. T.d. ef einhver les yfir bekkinn er gott ef kennarinn leiðréttir ef það er rangt. Að sýna og útskýra dæmin á töflunni. Gera námið skemmtilegra, útskýra það svo að það sé ekki og einfalt, ekki að finna svarið strax. Útskýra léttilega en svo meira og meira, það er erfitt. Að kennarinn útskýri vel.

H-3 Með góðri útskýringu – útskýra vel fyrir öllum með einföldum orðum. Hjálpa einstaklingslega. Séu þolinmóðir og kunni að útskýra. Fjölbreytt verkefni og séu skemmtilegir og kunni sjálfi vel það sem þeir eru að kenna.

H-4 Kennarar þurfa að útskýra vel áður en byrjað er á verkefnunum. Maður verður líka að kunna að biðja um hjálp og ekki vera feiminn við það. Kennarinn verður að fylgjast með því að allir nái og skilji fyrirmælin. Kennarinn þar að ganga um og hjálpa þeim sem þurfa en ekki sitja bar við kennaraborðið og segja, ég er búin að segja ykkur hvað þið eigið að gera. Gott er að kennarinn sýni fjölbreyttan hátt hvernig eigi að leysa verkefnið – myndir skjávarpi og töfluútskýringar.

H-5 Útskýrir fyrir þér, hvetja okkur, útskýra almennilega, gera sýnidæmi. Vera góður kennari, ekki öskra, ekki vera of strangur – ekki lemja og niðurlægja og draga nemendur efir gólfinu – ekki berja í borðin.

H-6 Segja okkur að skrifa og læra, útskýra vel, skýra vel út á töflunni, rétti upp hönd og fái hjálp, að hjálpa ef maður skilur ekki neitt, spyrja mikið, skýra betur út, útskýra á skemmtilegan átt svo maður nenni að hlusta, að segja manni þegar maður gerir vitlaust.

4. Finnst þér þú geta haft áhrif á nám þitt og þá með hvaða hætti

H-1 Sumt, með því að sitja kyrr. Gera sitt besta, leggja sig meira fram.

H-2 Að hlusta á kennarann, að læra meira heima, að leggja sig fram. Kennarinn eða mamma stjórnar því hvað ég læri mikið. Ef ég vanda mig og ef ég skil ekki og geri bara eitthvað þá hefur það áhrif á árangur. Leggja sig fram. T.d. ef kennarinn hefur sagt eitthvað þá að muna það og þá er auðveldara að gera rétt. Ef maður getur ekki eitthvað, ekki gefast upp strax heldur spyrja kennarana. Læra mikið heima og hlusta á kennarana. Læra á hverjum degi, þannig hefur maður áhrif á námið sitt. Að læra mikið heima. Læra heima á hverjum degi. Ef

ég fer til útlanda þarf ég samt að læra líkalesa yfir sumarið. Með því að fylgjast með, lesa heima og gera meira í tíma.

H-3 Í sumum fögum ef það er áætlun. Stundum getur meður haft áhrif á það hvað maður gerir mikið. Þegar það er val.

H-4 Leggja sig allan fram. Taka verkefnin með heim og vinna þau betur. Hugsa um verkefnin í ró og næði. Lesa vel verkefnin – hugsa um þau og einbeita sér, Læra bara vel og lesa mikið. Lesa heima. Leggja sig fram og spyrja þegar maður skilur ekki. vera einbeittur, læra meira heima ekki bara vera í símanum eða í tölvunni. Halda áfram og æfa sog því sem gengur ekki vel og gefast aldrei upp. Hlusta vel á kennarann og hafa trú á sjálfum sé. Æfa sig heima.

H-5 Nota hugann – æfa sig, hafa gaman – fá nógu mikinn svefn – hvetja sjálfan sig áfram – vera glaður og halda áfram.

H-6 læra mikið, lesa mikið, hlusta og læra mikið, að taka bækur á bókasafni, lesa heima og í skóla, hlusta á kennarann, reyna á sig og ekki vera að fíflast þegar á að vinna, leggja sig fram, reyna sitt besta, gera það sem kennarinn segir, læra meira, læra, einbeita sér, reyna á sig, ekki horfa á aðra í prófum, treysta á sjálfan sig.